

Vinastund 5

Hrós



Umraeður:

Hugmyndir af spurningum.

- Hvað er hrós?
- Hafið þið hrósað einhverjum í dag?
- Langar ykkur að hrósa einhverjum
- hérna inni? Hefur einhver hrósað ykkur í dag?

Leikur:

Að gefa öðrum gullmola:

Leikurinn felst í því að finna eitthvað jákvætt í fari hvers annars og hrósa hvert öðru.

Allir sitja í hring. Sá sem byrjar snýr sér að næsta manni og segir eitthvað fallegt við viðkomandi. Sá þakkar fyrir sig og snýr sér að næsta og segir eitthvað fallegt

við hann. Leiknum líkur þegar allir eru búnir að segja eitthvað fallegt við sessunautinn sinn. Hægt er að snúa svo hringnum við og endurtaka leikinn. Gott er að minna börnin á að segja eitthvað persónulegt um mannkosti en ekki útlit.

Að gefa sjálfum sér gullmola:

Þessi leikur er eins og sá fyrri nema í þetta skipti gefa börnin sér sjálfum gullmola. Sá sem byrjar segir t.d. „ég er frábær af því að ég er svo góðir við krakka“ þá

svarar hópurinn „við erum sammála“ og þannig gengur það koll af kolli þar til allir eru búnir

Verkefni:

Skriða gullmolann um sjálfan sig í vinabókina.

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa

